



September 2008

Ágæti sjóðfélagi!

Fyrri árs helmingur 2008 einkenndist af verulegum lækkunum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Þannig lækkaði innlent hlutabréfasafn lífeyrissjóðsins um 24,0% á tímabilinu en til samanburðar lækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 30,7%. Á sama tíma lækkuðu erlendir hlutabréfamarkaðir að meðaltali um 12,1%. Þessi þróun leiddi til 1,6% neikvæðrar ávöxtunar á eignum lífeyrissjóðsins á fyrri hluta ársins. Eignir sjóðsins námu 270,7 milljörðum í lok júní sl.

Meginþættir úr starfsemi á fyrri árs helmingi 2008

Sjóðfélögum fjölgaði um 3,6% á fyrstu 6 mánuðum ársins miðað við sama tímabil á fyrra ári og greiddu að meðaltali rúmlega 33 þúsund sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins.

Iðgjaldagreiðslur námu 8.065 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins sem er hækkun um 15,1% miðað við sama tímabil á fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur námu 2.265 milljónum til 8.319 lífeyrisþega á fyrri árs helmingi og hefur lífeyrisþegum fjölgað um 5,1% og heildarfjárhæð lífeyris hækkað um 12,6% miðað við sama tímabil á fyrra ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ellilífeyrir 62%, örorkulífeyrir 27%, makalífeyrir 9% og barnalífeyrir 2%.

Séreignardeildin: Iðgjöld námu 323 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins sem er hækkun um 15,1% miðað við sama tímabil á fyrra ári. Útgreiðslur námu 59 milljónum á fyrri árs helmingi.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 2.573 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins en 1.900 milljónum á sama tímabili 2007 sem er aukning um 35%.

Fjárfestingar námu 20,8 milljörðum á fyrri árs helmingi. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 8,8 milljörðum og í erlendum verðbréfum 2,2 milljörðum. Sala á innlendum hlutabréfum umfram kaup nam 3,9 milljörðum.

Innlenda hlutabréfasafnið lækkaði á fyrri helmingi ársins um 24,0%. Á sama tíma lækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 30,7%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar er 16,2% yfir rúmlega 29 ára tímabil, þ.e. frá ársbyrjun 1980 til miðs árs 2008.

Nafnávöxtun á fyrri árs helmingi var neikvæð um 1,6% en þar veldur bæði mikil verðlækkun á innlendum hlutabréfamarkaði og lækkun á erlendum mörkuðum. Frá miðju ári hefur ávöxtunin lækkað lítillega í kjölfar áframhaldandi lækkana á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum.

Verðbréfasafn sjóðsins í lok júní s.l. skiptist í innlend skuldabréf 49,7%, innlend hlutabréf 14,3%, erlend verðbréf 33,5% og aðrar eignir 2,5%.

framhald á bakhlið

Lífeyrissjóður verzlunarmanna nýtur mest trausts og ánægju

Samkvæmt nýlegri könnun um viðhorf til lífeyrissjóða fær Lífeyrissjóður verzlunarmanna bestu einkunn hvað varðar ánægju með upplýsingagjöf, ávöxtun, ýmis réttindi og traust*.

Um 68% sjóðfélaga voru ánægðir með upplýsingagjöf sjóðsins og einnig var ánægja með ýmis réttindi hæst hjá sjóðnum. Sjóðurinn nýtur mest trausts hjá sjóðfélögum sínum samanborið við aðra lífeyrissjóði og yfir 70% sjóðfélaga bera frekar eða mjög mikið traust til sjóðsins. Þegar á heildina er litið eru um 85% sjóðfélaga frekar eða mjög ánægðir með sjóðinn og segjast 61% vera mjög ánægðir sem er besti árangur í könnuninni.

* Könnun Capacent Gallup í apríl - júní 2008 um viðhorf til lífeyrissjóða.

Ársfundur 2008

Ársfundur sjóðsins var haldinn 14. apríl s.l. á Grand Hótel. Á fundinum flutti formaður sjóðsins skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári og forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2007, tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2008.

Nálgast má fundargerð ársfundar og ársskýrslu á heimasíðu sjóðsins www.live.is

Sjóðfélagavefur

Sjóðfélagar hafa beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins www.live.is

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er notandanafn og lykilorð sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín.

Yfirlit yfir móttækin iðgjöld

Yfirlit sem send eru sjóðfélögum tvisvar á ári sýna þau iðgjöld sem borist hafa sjóðnum frá því síðasta yfirlit var sent. Einnig koma fram þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér.

Mikilvægt er að fylgjast með að iðgjöldin sem fram koma á yfirlitinu séu í samræmi við launaseðla, því verði vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð geta dýrmæt lífeyrisréttindi glatast.

Ekki er óeðlilegt að greiðslur fyrir mánuðina maí og júní 2008 vanti á yfirlitið. Vanti frekari greiðslur eða hafir þú einhverjar athugasemdir, hafðu þá samband við viðkomandi fyrirtæki og/ eða innheimtudeild sjóðsins hið allra fyrsta.

Með kveðju,
Þorgeir Eyjólfsson forstjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA